



Dalvíkurskóli

Myndmennt/sjónlistir

Námsþáttur	1.bekkur	2.bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Menningarlæsi (sameiginleg hæfniviðmið fyrir list og verkgreinar bls. 142)	Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 142): <ul style="list-style-type: none"> • Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar. • Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum. • Unnið einföld verkefni í hópi. • Útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið. • Gert grein fyrri hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans. • Fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín. • Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt. • Gengið frá eftir vinnu sína. • Lagt mat á eigin verk. 			
Hæfniviðmið sjónlista	Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 148-149): <ul style="list-style-type: none"> • Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. • Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. • Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. • Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki. • Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. • Þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni. • Fjallað um eigin verk og annarra. • Þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins. • Greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka. • Greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans. • Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar. 			
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • Gengur af ábyrgð um efni og áhöld í myndmenntastofu. • Kann skil á frumlitum og getur notað þá til að blanda 2. stigs liti (6 lita hringurinn). • Kannast við hugtökin <i>heitur litur</i> og <i>kaldur litur</i>. • Kynnist mismunandi gerðum lita, s.s. vatnslitum og þekjulitum. • Kynnist því að mála með mismunandi áhöldum. • Geti unnið einföld verkefni í hópi. • Vinnur myndverk út frá grunnformunum <i>rétthyrningi</i>, <i>þríhyrningi</i> og <i>hring</i>. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir heita og kalda liti og getur nýtt sér þá vitneskju til að skapa áhrif í mynd. • Þekkir hugtök tengd myndbyggingu, s.s. <i>forgrunnur</i>, <i>bakgrunnur</i>, <i>sjóndeildarhringur</i>. • Kynnist einföldustu lögmálum myndbyggingar. • Getur nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita-, formfræði og myndbyggingar. • Getur sagt frá og útskýrt eigin verk og annarra. • Ræður við flóknari mynsturgerð en áður. • Vinnur út frá kveikju við eigin listsköpun. • Þekkir hugtökin <i>lína</i> og <i>strik</i> og getur beitt þeim í myndgerð. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þjálfast í gerð og meðferð mismunandi litatóna. • Getur notað liti til að tjá mismunandi tilfinningar og áhrif. • Getur sett fram, á sjónrænan hátt, eigin upplifun eða ímyndun. • Getur unnið myndverk á fjölbreytilegan hátt í ýmis efni með margvíslegum áhöldum í gegnum teiknun, málnu, mótun, klippimyndir, þrykk. • Hefur fengið kynningu á að listamenn vinna viðfangsefni sín í mismunandi efnivið, s.s. málverk, höggmyndir, myndbönd. • Getur teiknað húsið sitt án fyrirmyndar (teikna eftir minni). 	<ul style="list-style-type: none"> • Hefur tamið sér vönduð vinnubrögð. • Getur nýtt sér einfalda myndbyggingu í myndrænni tjáningu. • Kann skil á nálægð og fjarlægð, forgrunni og bakgrunni og miðrými. • Getur gengið frá verkum, efnum og áhöldum sem unnið hefur verið með. • Fær kynningu á muninum á list og hönnun. • Þekkir muninn á vaxlitum, trélitum, klessulitum, pastelkrít, kolum, vatnslitum og þekjulitum. • Temur sér að nota trönur við myndgerð.



	<ul style="list-style-type: none">• Áttar sig á að umferðarmerki eru myndmál.• Veit að myndur er endurtekin grunn-eining og getur búið til einfalt myndur.• Kynnist verkum þekktra íslenskra málara, s.s. Kjarval.• Kynnist því að búa til skissu og yfirfæra í mynd.• Vinnur að leturgerð út frá eigin nafni samhliða möppugerð.• Kynnist einföldum aðferðum við að þrykkja myndur.	<ul style="list-style-type: none">• Kynnist myndlist viðurkenndra listamanna• Vinnur að leturgerð út frá eigin nafni, skreytingar á möppu.• Vinnur þrykkmyndur, t.d. með stimpli.• Kynnist verkum þekktra íslenskra málara, s.s. Nínu Tryggvadóttur.	<ul style="list-style-type: none">• Getur myndgert ímyndunarveruleika tengdan umhverfi.• Prófar að nota trönur við myndsköpun.• Vinnur með letur við möppugerð, t.d. tvöföldun stafa.• Vinnur þrykkmyndur, t.d. límþrykk.• Kynnist verkum þekktra íslenskra málara, s.s. Gunnlaugs Scheving.	<ul style="list-style-type: none">• Vinnur að leturgerð út frá eigin nafni við möppugerð, t.d. þrívíðir stafir.• Vinnur flóknara þrykkmyndur, t.d. límþrykk.• Kynnist verkum þekktra íslenskra málara, s.s. Ásgríms Jónssonar.
--	---	---	--	--